



Fréttatilkynning

16 July 2021 08:23:00 GMT

## Arion banki: Tilkynning um framkvæmd endurkaupaáætlunar

Eins og fram kom í fréttatilkynningu Arion banka þann 2. júlí 2021 veitti Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands bankanum heimild til að framkvæma endurkaup á eigin bréfum á Íslandi og á heimildarskírteinum útgefnum í Svíþjóð. Heimildin nær til allt að 63.000.000 hluta fyrir um 8 milljarða króna, sem nemur um 3,8% af útgefnu hlutafé bankans. Markmið endurkaupa er að lækka hlutafé bankans í samræmi við arðgreiðslustefnu.

Til samræmis við samþykki sem stjórn bankans hefur veitt, hefur verið ákveðið að hefja endurkaup þann 29. júlí 2021, sem munu nema helmingi þeirrar heimildar sem Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur veitt bankanum. Arion banki mun því kaupa allt að 31.500.000 hluti fyrir um 4 milljarða króna, sem nemur um 1,9% af útgefnu hlutafé (endurkaupaáætlunin).

Kvika banki hf. mun hafa umsjón með framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar á Íslandi og í Svíþjóð. Mun Kvika taka allar viðskiptaákvæðanir er varða kaup á hlutum og tímasetningu kaupanna óháð bankanum. Áætlunin tekur gildi á báðum mörkuðum þann 29. júlí 2021 og gildir til 16. mars 2022. Arion banki hf. hefur heimild til að stöðva framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar hvenær sem er á þessu tímabili.

Bankinn hefur heimild til að kaupa að hámarki 31.500.000 hluti/SDR, sem samsvarar 1,9% af útgefnum hlutum í bankanum. Heimilt er að kaupa allt að 2.520.000 SDR í Svíþjóð, sem samsvarar 0,15% af útgefnum hlutum og allt að 28.980.000 hluti á Íslandi, sem samsvarar 1,75% af útgefnum hlutum. Fjárhæð endurkaupanna skal ekki vera meiri en sem svarar til 320.000.000 kr. í Svíþjóð og 3.680.000.000 kr. á Íslandi (samtals 4 milljarðar króna). Bankinn á sem stendur 64.408.724 milljón eigin hluti.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður þannig háttáð að kaup hvers dags í kauphöll Nasdaq Ísland og Nasdaq Stokkhólmi verða að hámarki 25% af meðaldagsveltu undangenginna 20 viðskiptadaga. Á Íslandi skal verð fyrir hvern hlut að hámarki vera hæsta verð í síðustu óháðu viðskiptum eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboð í viðskiptakerfi Nasdaq Ísland. Á Nasdaq Stokkhólmi mega kaup aðeins eiga sér stað innan þess verðbils sem gildir á Nasdaq Stokkhólmi, þar sem verðbilið nær frá hæsta kaupverði (e. best bid) til lægsta söluverðs (e. best offer) sem í gildi er og tekið saman hjá Nasdaq Stokkhólmi, allt í samræmi kafla H í viðbæti D við Reglubók fyrir útgefendur hlutafjár á aðalmörkuðum Nasdaq Nordic. Viðskipti með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina verða birt opinberlega í samræmi við gildandi lög og reglur á báðum mörkuðum.



Endurkaupaáætlunin verður framkvæmd í samræmi við lög og reglur á Íslandi og í Svíþjóð, þ.á.m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, viðauka við reglugerð um innherjaupplýsingar og markaðssvik nr. 630/2005, Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik (MAR) nr. 596/2014, sem og framselda reglugerð framkvæmdastjórnar ESB (EU) 2016/1052 frá 8. mars 2016, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 sem taka gildi á Íslandi 1. september 2021.

**Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:**

---

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is), s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, [haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is), s. 856 7108.

**Viðhengi**

---

[Arion banki: Tilkynning um framkvæmd endurkaupaáætlunar](#)